

Sp.

154. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á þessu ári endurskoðun laga nr. 11 frá 1905, sbr. l. nr. 30 frá 1914, um landsdóm, og leggja tillögur sínar um það efni fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Reglur landsdómslaganna, nr. 11 frá 1905, sbr. l. nr. 30 frá 1914, um skipun landsdóms, eru óþarflega flóknar og margbrotnar. Eftir stofnun hæstaréttar er ekki vafalaust, hverjir hinir sjálfkjörnu dómara landsdóms séu. Fyrirkomulagið á vali hinna kjörnu dómenda er allt of þungt í vöfum. Hefur reyndin því orðið sú, að landsdómsmenn hafa ekki verið kjörnir í langa hríð, enda hafa breytingar orðið á þeirri sýslu- og bæjaskipan, sem lögð er til grundvallar. Er nú svo komið, að engir kjörnir landsdómsmenn eru til staðar, og er dómurinn að því leyti óskipaður. Ákvæði laganna um kjör dómenda virðast raunverulega óframkvæmanleg án breytinga. Það er þess vegna full þörf á að taka löggjöfina um landsdóm til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum m. a. að gera reglurnar um skipan dómsins óbrottnari og einfaldari í sniðum. Ýmis önnur ákvæði laganna eru og að nokkru úrelt orðin og eru varla í samræmi við síðari tíma löggjöf. Þeim ákvæðum þarf að breyta. Er líklegt, að endurskoðun landsdómslaganna leiði til gagnberra breytinga þeirra eða jafnvel til alveg nýrrar lagasetningar um efnið.

Hér á landi hefur að vísu ekki reynt á löggjöfina um landsdóm, þar eð landsdómur hefur aldrei fengið mál til meðferðar. Sjálfsagt eru og skiptar skoðanir um það, hvert aðhald sé fólgið í reglum um refsíábyrgð ráðherra og hugsanlegri kærufyrir landsdómi. Eigi að síður er það vægast sagt óviðkunnanlegt, að dómur þessi, sem stjórnarskráin býður að til skuli vera, sé óskipaður og löggjöfin um hann óframkvæmanleg. Því þarf að kippa í lag. Af þeim sökum er þessi þingsályktunartillaga flutt. Fyrir tillögunni verður annars gerð nánari grein í framsögu.